

# Staðgreiðsla 2020

## Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 336.916 kr.	35,04%
Af næstu 608.957 kr.	37,19%
Af fjárhæð umfram 945.873 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 54.628 kr.

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðenda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 336.916 kr. hjá einum launagreiðenda þarf að reikna 37,19% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, en fari laun yfir 945.873 kr. þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af þeim hluta.

## Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

35,04%	af fyrstu 77.325* kr.
37,19%	af 77.326-217.086** kr.
46,24%	af launum umfram 217.086 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\* 4.042.995/366 \* 7 = 77.325 \*\* 11.350.472/366 \* 7 = 217.086

## Persónuafsláttur á mánuði er 54.628 kr.

Persónuafsláttur ársins 2020 er 655.538 kr. eða 54.628 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2020 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

• Ef launatímabil er einn mánuður	54.628 kr.
• Ef launatímabil er hálfur mánuður	27.314 kr.
• Ef launatímabil er fjórtán dagar	25.075 kr.
• Ef launatímabil er ein vika	12.537 kr.
• Ef launatímabil er annað en að framan greinir	
skal ákvarða persónuafslátt launatímabilsins þannig:	

Kr. 655.538      X    dagafjöldi launatímabilsins  
366

## Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2005 og síðar og nái því ekki 16 ára aldri á árinu 2020 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Í vefskilum skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

## Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

## Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,35%

Tryggingagjald er 6,25%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðasjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,35%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingsar:

• Almennt tryggingagjald	4,90%
• Atvinnutryggingagjald	1,35%
• Tryggingagjald alls	6,25%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,05%
• Markaðsgjald	0,05%
• <b>Samtals til staðgreiðslu</b>	<b>6,35%</b>
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum]	7,00%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 (áður E-101) gilda sérstakar reglur.

## Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálfyrirtæki, verðbréf-fyrirtæki og tryggingafélög. Skatthlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

# Leiðbeiningar vegna rafrænna skila á staðgreiðslu á þjónustuvef RSK, skattur.is

**Kennitala:** Í staðgreiðsluskilum er færð inn kennitala launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings.

**Laun og hlunnindi:** Færð eru inn laun, bifreiðahlunndi, staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur og staðgreiðsluskyldir dagpeningar. Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun og hlunnindi.

**Persónuafsláttur:** Nýting persónuafsláttar.

Kennitala		Nafn				ÍSAT	ÍSTARF	Starf%
0707689999		Árni Jónsson		<input type="checkbox"/> Starfsmaður er hættur				
Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iölgjald í lífeyrissjóð	Skattstofn			
446.000	0	0	0	17.840		428.160		
Reiknuð staðgreiðsla	Persónuafsláttur	Persónuafsl. maka	Greidd staðgreiðsla	Þar af í prepi 1	336.916			
151.989	- 54.628	-	97.361	Þar af í prepi 2	91.244			
				Þar af í prepi 3	0			
<a href="#">Nánar um prepin</a>								

## Sundurliðun launamanna samtals

Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iölgjald í lífeyrissjóð	Greidd staðgreiðsla
446.000	0	0	0	17.840	97.361

## Tryggingagjald o.fl.

Laun og aðrar greiðslur	Mótframlag launagreiðanda	Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu	Iölgjald v/slysatr. sjómanna	Tryggingagjald
446.000	51.290	0	0	Reikna 31.578

**Mótframlag:** Skilagrein reiknar mótfamlag 11,5% á móti 4% iölgaldi í lífeyrissjóð en breyta má mótfamlagi í lífeyrissjóð ef greiðslur eru aðrar. Ef launþegi er 70 ára eða eldri á ekki að greiða iölgjald né mótfamlag. Börn 15 ára og yngri greiða ekki í lífeyrissjóð.

**Persónuafsláttur maka:** Ef nota á persónuafslátt maka þarf að færa hann sérstaklega inn.

**Prepaskipti:** Ef hluti launa á að reiknast í 2. skattþrepí skal færa mismuninn í reitinn "Par af í þrepí 2".

**Lífeyrissjóður:** Færa þarf inn iölgjald sem greitt er í lífeyrissjóð (4% lögþundið iölgjald og allt að 4% iölgjald í séreignasjóð).

Kennitala	Nafn	ÍSAT	ÍSTARF	Starf%
0707689999	Árni Jónsson			
Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iölgjald í lífeyrissjóð
446.000	0	0	0	17.840
Reiknuð staðgreiðsla	Persónuafsláttur	Persónuafsl. maka	Greidd staðgreiðsla	Þar af í prepi 1
151.989	- 54.628	-	97.361	336.916
				Þar af í prepi 2
				91.244
				Þar af í prepi 3
				0

**Tryggingagjald:** Smella þarf á „Reikna“ til að skilagreinin reikni tryggingagjaldið. Einnig er hægt að handfæra inn í reitinn ef þess er þörf.

**Ökutækjastyrkur utan stgreiðslu:** Færa þarf inn ökutækjastyrk utan staðgreiðslu samkvæmt akstursbók.